

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/9/21

frá 13. janúar 2011

um breytingu á ákvörðun 97/556/EB um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar múreinangrunarkerfi á útveggi (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 34)

(2011/14/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 13. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/556/EB frá 14. júlí 1997 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar múreinangrunarkerfi á útveggi ⁽²⁾ er aðeins vísað til vara sem heyra undir gildissvið evrópsks tæknisamþykkis en sumar vörurnar geta einnig fallið undir samhæfða Evrópustaðla.
- 2) Því ber að breyta ákvörðun 97/556/EB þannig að hún nái einnig yfir vörur sem falla undir gildissvið samhæfða Evrópustaðla sem Staðlasamtök Evrópu sér um að útfæra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 97/556/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Tilgreina skal aðferðina, sem nota skal til að staðfesta samræmi eins og fram kemur í II. viðauka, í umboðum fyrir viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki. Aðferðina, sem nota skal til að staðfesta samræmi, eins og fram kemur í III. viðauka, skal tilgreina í umboðum fyrir samhæfða Evrópustaðla.“

2. nýr III. viðauki bætist við en texti hans kemur fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. janúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Antonio TAJANI

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 10, 14.1.2011, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 229, 20.8.1997, bls. 14.

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

VÖRUHÓPUR

MÚREINANGRUNARKERFI Á ÚTVEGGI (1/1)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér á eftir, eru Staðlasamtök Evrópu beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum Evrópustöðlum:

Vara/vörur	Fyrirhuguð notkun	Stig eða flokkur/flokkar (Viðbrögð við bruna)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Múreinangrunarkerfi á útveggi	Á útveggi	Öll/allir	1

1. kerfi: sjá i. lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, án úttektarprófunar á sýnum.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr gærði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar m.t.t. tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í a.m.k. einu aðildarríki [sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjalinu]. Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.